


AK
19/4
2/10

APRIL 2014



HAFNARFJARÐARBAER

og

VOX NATURAE

þróun og uppbyggingu IceDome í Hafnarfirði!

um

VILJAFIRLÝSING

VILJAFIRLÝSING

Vox Naturae kt. 640912-1110, Grettisgötu 6, 101 Reykjavík (hér nefnt "Vox Naturae") og Hafnarfjarðarbær kt. 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður (hér nefnt "Hafnarfjarðarbær") gera með sér svohljóðandi viljafirrlýsingu um gerð samstarfssamnings um þróun og uppbyggingu á *IceDome* í Hafnarfirði;

Inngangur

Vox Naturae eru leiðandi alþjóðleg félagsasamtök í að auka vitund um og kalla á aðgerðir við afileiðingum þess að ís og snjóhula fer ört hopandi. Í þeim tilgangi starfar Vox Naturae með veigamiklum innendum og alþjóðlegum aðilum við eftirfarandi verkefni:

- A. **Celebrating Glaciers** – alþjóðleg vitundarvakning og menntunartæk um málafni tengd breytingum á jökulum, ís og snjó. Verkefnið er unnið m.a. í samstarfi við National Geographic, American Public Broadcasting Service (PBS), Skype in the classroom, New York University, American Museum of Natural History, Védurstofu Íslands, Landgræðsluna og fleiri. Sem lið í hertefðinni mun Vox Naturae láta setja upp *IceDome* hvefningar með fræðslu- og afþreyingu um jökla, ís og snjó.
- B. **The Ice Circle** – nýr alþjóðlegur samræðsveittvangur og sjóður til að erfla samstarf og aðgerðir við efnahagslegum, félagslegum og umhverfisleigum áhrifum sem örur breytingar á jökulum, ís og snjó hafa. Samstarfsaðilar þessa verkefnis eru m.a. Alþjóðabankinn, Global Water Partnership, Háskóli Sameinuðu þjóðanna, UNESCO Centre for Water Law, Policy and Science og the International Centre for Integrated Mountain Development (ICIMOD).
- C. **Alþjóðlegt ár snjós og íss** – unnið er að því að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna tileinka alþjóðlegt ár snjó og ís. Verkefnið hefur fengið móralskan stuðning fjölda stofnana Sameinuðu þjóðanna.

Hafnarfjörður

Hafnarfjörður er þriðja stærsta sveitarfélag landsins og á margan hátt einstakur bær með sérstæða sögu. Íbúafjöldinn hefur margfaldað frá því bærin fékk kaupstaðarréttindi, en hann hefur haldið þorpþrægunum, stemmningunni og sálinni, enda státar bærin af stærstu samfelldu byggð þarjárnasklaedra timburhúsa á Íslandi.

En Hafnarfjörður er ekki bara gamall bær heldur hafa nýju hvefningin ladað að sér fjölbreytt og skemmtilegt mannlíf. Stutt er í ósnortna náttúru og tækifæri til útivistar í fögru umhverfi eru óþrjótandi. Það er ekki síst þessi nána tenging við náttúruna og nánasta umhverfi sem gefur bænum sérstöðu meðal íslenskra sveitarfélaga. Sjálfrennandi vatnsveita og saga bæjarins með fyrstu virkjun landsins gefur hugmynd um það jafnvægi sem ríkir milli nýtingar og virðingar fyrir náttúrunni. Í Hafnarfirði er fjölbreytt atvinnulíf með verðmætum nýsköpunarstörfum og hátækni auk hefðbundinna atvinnugreina og höfn bæjarins hefur verið landsins helsta höfn í árhuðruð.

Umhverfisstarf þarf að vera eðlilegur hluti af starfi allra starfsmanna hjá sveitarfélaginu og í sveitarfélaginu. Þetta gildir einnig um starfsemi skóla og annarra stofnana á vegum Stjórnvaldsráðs 21 (Local Agenda 21) sem er forskrift að sjálfbærri þróun.

Í ljósi framangreinds hafa aðilar viljafyrirlysingar þessarar komið sér saman um eftirfarandi:

1. **Samstarf:** Aðilar eru sammála um að ganga af einu röð til samninga um:

a. að Vox Naturae eða valinn samstarfsaðili félagasamtakanna **Byggi og reki IceDome** á góðum stað í Hafnarfirði í þeim tilgangi að laða að íslenska og erlenda gesti og veita þeim aðgang að efni og fræðslu um jökla, ís og snjó með nýjustu margmiðlunartækni.

b. að auka komu **ferðamanna** til Hafnarfjarðarbæjar með uppbyggingu á IceDome og leitast við að jökjar, ís og snjór verði liður í sameiginlegu markaðsáttaki um höfuðborgarsvæðið.

2. **Tímaáætlun:** Fyrir 1/7 2014 munu aðilar ljúka kostnaðargreiðningu og markaðsáætlun um allt verkefnið, sem verður lagt til grundvallar um ákvörðun um næstu skref.

3. **Fyrirkomulag:** Hvor aðili um sig mun í framhaldi af undirritun viljafyrirlysingar þessarar tilnefna aðila til að halda utan um samskipti sín á milli, og skipta með sér verkum.

4. **TRÚNAÐUR:** Aðilar eru sammála um að upplýsa ekki opinberlega um viljafyrirlysingu þessa né um einstaka þætti hennar án samræðs og samkomulags sín í milli.

5. **KOSTNAÐUR:** Hvor aðili um sig skal bera sinn kostnað sem fellur til við gerð viljafyrirlysingar þessarar fram að undirritun fyrirhugads samnings.

Hafnarfjörður, 29/4 2014

F.h. Vox Naturae

Páll Asgeir Davíðsson

Síghvatur Lárusson

f.h. Hafnarfjarðarbæjar

Guðrún Agústa Guðmundsdóttir



Handwritten signature of Guðrún Agústa Guðmundsdóttir